

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2003. Miðvikudaginn 29. október var haldinn 231. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Fríkirkjuvegi 11 og hófst kl. 17::40. Viðstaddir voru: Ingvar Sverrisson formaður, Sigurður B. Guðmundsson, Páll Ármann Eggertsson, Ragnar Örn Pétursson, Sigmar Eðvardsson, Andrés Ingólfsson, Ingi Þór Hermannsson, Egill T. Jóhannsson og Sigmundur Stefánsson. Jafnframt: Logi Sigurfinnsson framkvæmdastjóri, Þorsteinn Hjaltason forstöðumaður og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð seinasta fundar. Ekki gerðar athugasemdir.
2. Egill T. Jóhannsson fulltrúi Seltjarnarness boðinn velkomin í stjórnina.
3. Lagðar fram fundargerðir rekstrarstjórnar nr. 52 og 53.
4. Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá og opnunartíma á skíðasvæðum veturinn 2003-2004:

Dagskort virka daga

Fullorðnir	1.000
Börn	500

Dagskort helgar

Fullorðnir	1.200
Börn	500

Árskort

Fullorðnir(16ára og eldri)	13.200
Börn	6.600

Æfingakort

8ára og yngri	2.800
9ára og eldri	5.500

Mánaðarkort

Fullorðnir	5.500
Börn	2.700

Rútur

Stakar ferðir (fram og til baka) 500

Rútuferðir

Keyrt frá Mjódd, Smáratorgi, Garðatorgi og Hafnarfirði. 17.15 virka daga og kl. 11:30 um helgar. Haldið verður áfram með tilraunaakstur frá Suðurnesjum.

Börn á grunnskólaaldri, 6-16 ára borga barnagjald. Börn 5 ára og yngri fá frítt í lyftur. Fullorðnum er heimilt að nýta sér byrjendalyftur á barnagjaldi. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá frítt í lyftur gegn framvísun árskorts sem hægt er að nálgast á skíðsvæðunum í Skálafelli og Bláfjöllum.

Samþykkt samhljóða.

5. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 22. okt. sl. vegna framkvæmda í Bláfjöllum þar sem fram kemur að ekki sé talin þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna þeirra.

Kl. 18:10 kom Páll Grétarsson á fundinn.
6. Lagt fram bréf Skíðadeildar Fram dags. 10. okt. sl. vegna lyftumála í Eldborgargili í Bláfjöllum.
Vísað til rekstrarstjórnar.
7. Rætt um leigu á landi undir skíðasvæðið í Skálafelli.
Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.
8. Rætt um framkvæmdir vegna vegagerðar í Bláfjöllum.
9. Lagt fram bréf Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs dags. 17. okt. sl. þar sem Bláfjallanefnd eru þakkað gott samstarf sl. sumar. Jafnframt lögð fram greinargerð um framkvæmdina, þ.e. uppgræðslu skíðabrekkna í Bláfjöllum sumar 2003.
10. Framkvæmdastjóri kynnti gögn vegna stólalyftuútbóðs í Bláfjöllum.
Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu ásamt rekstrarstjórn og kynna á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 19:25.

Ingvar Sverrisson

Páll Ármann Eggertsson
Sigurður B. Guðmundsson
Ingi Þór Hermannsson
Ragnar Örn Pétursson

Páll Grétarsson
Sigmar Eðvardsson
Egill T. Jóhannsson
Andrés Ingólfsson